

# Erindisbréf

## stjórnar menningarstofu Fjarðabyggðar

### *Umboð*

1. gr.

Stjórn menningarstofu Fjarðabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### *Verksvið*

2. gr.

Stjórn menningarstofu mótar stefnu í menningarmálum. Hún tekur ákvarðanir innan markaðrar stefnu og fjárhilmida í málauflokknum. Stjórnin gerir tillögur til bæjarráðs varðandi valdsvið sitt. Stjórnin ber ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila í menningarmálum. Jafnframt hefur stjórnin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði stjórnarinnar sé fylgt. Þá fer stjórnin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

### *Verkefni*

3. gr.

Stjórnin fer með eftirtalin verkefni:

### **Menningarmál**

- Stefnumörkun í menningarmálum.
- Stjórn menningarstofu Fjarðabyggðar.
- Auglýsingar og úthlutun styrkja til menningarmála.
- Samstarf við aðila sem vinna að menningarmálum í landshlutanum, s.s. Austurbrú og menningarmiðstöðvar á Austurlandi. Jafnframt að leita samstarfs við aðra aðila innanlands og utan um aðgerðir til að efla menningarstarf í sveitarfélagini.
- Ábyrgð á samræmingu og samningum við forsvarsmenn skipulagðra viðburða og bæjarhátiða, hátíðarhalda auk annarra skipulagðra viðburða.
- Ábyrgð á söguritun og aðgerðum bæjarins til að varðveita menningarárf sveitarfélagsins.

### **Safnamál**

- Stefnumörkun í safnastarfsemi Fjarðabyggðar.
- Umsjón með rekstri minjasafna Fjarðabyggðar, þ.m.t. samningum um þjónustu safnanna.
- Ábyrgð á samstarfssamningum við söfn með sjálfstæðar stjórnir.
- Málefni minjasafna sbr. safnalög 141/2011 og málefni skjalasafna sbr. lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

### *Laga- og reglurrammi*

4. gr.

Stjórnin skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

Stefnumótun bæjarstjórnar þ.m.t. menningar- og safnastefnu.

Mannauðsstefnu.

Jafnréttisstefnu.

Innkaupareglum.

Ferli og framsetningu fjárhagsáætlunar.

*Skipan*

5. gr.

Stjórnin er skipuð þrem fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn og jafnmögum til vara.

Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar og varaformann. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Stjórnin skal skilgreina þá hagsmunaaðila sem hafa ber samráð við um þróun menningarlífs í Fjarðabyggð.

Stjórnin getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan marka kjörtímabils stjórnarinnar. Í crindisbréfi skal m.a. koma fram hvort leggja skuli reglulegar fundargerðir/skýrslur fyrir stjórnina og/eða skila niðurstöðu eða ályktun við lok starfstíma.

*Verkstjórn og verkaskipting*

6. gr.

Formaður stjórnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í stjórninni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Bæjarritari ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórnarinnar og rekstri á verksviði hennar þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál scú innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

*Boðun funda og fundarskör*

7. gr.

Stjórnin heldur að jafnaði two fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja stjórnarmanna um fund í stjórninni ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls two mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, undirbýr og ákveður dagskrá í samráði við bæjarritara og forstöðumann og stýrir fundum stjórnarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúa í stjórninni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði hennar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, og skal dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Að jafnaði skulu fundir boðaðir rafrænt.

Um fundarskör fer eftir samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskör bæjarstjórnar eftir því sem við á.

Bæjarritari, eða staðgengill hans, skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelni og tillögurétt. Þá getur stjórnin boðað til fundar einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

*Fundaskipulag og ritun fundargerða  
8. gr.*

Stjórnarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum stjórnarmönnum.

Fundargerðir skulu skráðar og afrit sent til bæjarráðs að fundi loknum. Um ritun fundargerða fer eftir fyrirmælum samþykktar um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar og nánari verklagsreglum eftir því sem við á. Fundarritun er á ábyrgð bæjarritara eða staðgengils hans.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun stjórnarinnar fyrir komandi ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar þeirra.

*Samráð*

9. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, frjáls félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum stjórnarinnar. Auk lögbundins samráðs skal stjórnin leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

*Fjármál*

10. gr.

Stjórnin fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hana heyra og felur bæjarritara að vinna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun stjórnarinnar. Stjórnin afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður stjórnar og bæjarritari kynna bæjarráði starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun.

*Ráðningar*

11. gr.

Bæjarráð ræður bæjarritara að fenginni tillögu bæjarstjóra. Bæjarritari ræður í störf undirmanna sinna.

*Fullnaðarafgreiðslur*

12. gr.

Stjórnin afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar:

- Ákvarðanir um úthlutun styrkja til menningarmála, þ.m.t. samstarfssamninga með eins árs gildistíma, í samræmi við reglur staðfestar af bæjarstjórn og fjárhagsáætlun hvers árs.

Stjórnin getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í stjórninni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal stjórnin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

*Málsmeðferð*

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvvarðanir skal þess gætt að farið scí að sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu stjórnarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal stjórnin taka mál upp.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 25. janúar 2024

Jóna Árný Þorðardóttir  
bæjarstjóri

The image shows a handwritten signature "Jóna Árný Þorðardóttir" written over a circular blue official seal. The seal contains the text "FJARÐABYGGÐ" around the top edge and "BÆJARSTJÓRI" in the center, with some smaller, illegible text at the bottom.